

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 300/2024

2025/EES/25/49

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 um samræmingu á kvöðum um skýrslugjöf á sviði löggjafar í tengslum við umhverfið og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 og (ESB) nr. 995/2010, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB, 2004/35/EB, 2007/2/EB, 2009/147/EB og 2010/63/ESB, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 338/97 og (EB) nr. 2173/2005 og tilskipun ráðsins 86/278/EBE ⁽¹⁾.
- 2) II. og XX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi texta er bætt við 7. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB) í XIII. kafla:

„, breytt með:

- **32019 R 1010:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi undirgrein bætist við 4. mgr. 43. gr. og þriðju undirgrein 2. mgr. 54. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, að því er varðar EFTA-ríkin, hafa aðgang að gagnagrunninum.““

2. Eftirfarandi er bætt við lið 9c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010) í XVII. kafla:

„, breytt með:

- „**32019 R 1010:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 1h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006):

„, breytt með:

- „**32019 R 1010:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115).“

(¹) Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB) og lið 32 (tilskipun ráðsins 86/278/EBE):

„– **32019 R 1010**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115).“

3. Lið 1j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB) er breytt sem hér segir:

i) Eftirfarandi verður bætt við:

„, breytt með:

– **32019 R 1010**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115).“;

ii) í aðlögunartexta b) fellur orðið „, 21(3)“ á brott.

4. Eftirfarandi er bætt við lið 32g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB):

„– **32019 R 1010**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 (Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi setningu er bætt við 2. mgr. 10.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, að því er varðar EFTA-ríkin, hafa aðgang að gagnasafninu.“

b) Í 3. lið VI. viðauka er eftirfarandi málslið bætt við:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, að því er varðar EFTA-ríkin, hafa aðgang að stafræna kerfinu til upplýsingaskipta.““

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1010, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.